

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt er að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2003 er 278 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 17. desember 2002.

Akureyri, 8. janúar 2003.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/2003 um skilafresti á árinu 2003 fyrir launaskýrslur og fleira skv. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skilafrestur eftirtalinnna gagna vegna ársins 2002 hefur verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til 27. janúar 2003:

1. *Launamiðar RSK 2.01* ásamt almennu *launaframtali RSK 1.05*. Á launamiðum komi meðal annars fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda, styrkja, bóta eða annarra tekna svo og greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, svo sem áskilið er.
2. *Greiðslumiðar* vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.
3. *Hluta fjármíðar RSK 2.045* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.04*.
4. *Stofnsjóðsmiðar RSK 2.065* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.06*.

Ofangreindur frestur er framlengdur til 7. febrúar 2003, sé gögnum skilað á tölvutæku formi samkvæmt færsluýsingu RSK.

II. Til 14. apríl 2003:

1. Gögn frá lífeyrissjóðum, líftryggingafélögum og fjármálastofnunum um iðgjöld og framlög launagreiðenda til lífeyrissjóða og til viðbótarlífeyristryggingar.

2. *Greiðslumiðar RSK 2.02* yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
3. *Greiðslufirlit RSK 2.025* yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 sem ekki er gerð grein fyrir á þeim skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknanir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.
4. *Bifreiðahlunnindamiðar RSK 2.035*.
5. *Sjávarafurðamiðar RSK 2.055* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.05*.
6. *Afurða- og innstæðumiðar RSK 2.075* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.07*.
7. *Upplýsingar viðskipti með hlutabréf RSK 2.08* frá fjármálastofnunum.
8. *Upplýsingar hlutafélaga um kaupréttarsamninga RSK 2.085*.

Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu ríkisskattstjóra. Sé það ekki gert skal þeim skilað á tilsvarendi eyðublöðum RSK.

Reykjavík, 3. janúar 2003.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/2003 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2003 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningagrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu fyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 2001 framreiknast ekki.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2002 telst 10% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 10,1% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2002. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2002 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 8. janúar 2003.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.